

Starfsmannastefna Höfðaskóla

Góður mannaúður er lykillinn að velgengi hverrar stofnunar. Mikilvægt er að hlúa að starfsmönnum stofnunar sem allir búa að ólíkri reynslu og þekkingu.

Markmið Höfðaskóla er að hafa ætíð á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum sem sýna frumkvæði og þjónustulund. Sömuleiðis er mikilvægt að þeir bregðist við sýbreytilegum þörfum skjólstaðinga sinna.

Sérhver starfsmaður á rétt á góðum starfsskilyrðum og möguleika á því að vaxa og dafna í starfi. Starfsmenn eru hvattir til að axla ábyrgð, læra nýja hluti og koma með nýjar hugmyndir. Mikilvægt er að hver og einn leggi sitt af mörkum til að móta jákvæðan og góðan starfsanda og þannig skapa sterka liðsheild þar sem hreinskilin skoðanaskipti eru viðhöfð við lausn álitamála.

Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir skulu hafa að leiðarljósi jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu á valdi og ábyrgð. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna sinna og skulu vinna með þeim að settum markmiðum. Stjórnendur skulu leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins.

Höfðaskóli leggur áherslu á að:

- hafa í þjónustu skólans hæfileikaríkt starfsfólk með faglega þekkingu, menntun og áhuga á starfi með börnum og unglíngum.
- haga stjórnun og vinnutilhögun þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín.
- starfsmannafundir séu haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði.
- hafa starfsmannaviðtöl a.m.k. einu sinni á skólaárinu.
- hvetja starfsfólk til símenntunar og starfsþróunar.
- veita starfsmönnum sem best svigrúm til að sinna þróunarstarfi, námsefnisgerð og nýjungum á sviði menntunar og uppeldis.
- efla gagnkvæma virðingu og traust meðal starfsfólks og nemenda.
- koma markvissri upplýsingagjöf til starfsfólks, m.a. með vikulegum „vikupósti“, skilvirkri notkun upplýsingatöflu og tölvusamskiptum.
- gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki innan stofnunarinnar.
- allir starfsmenn þekki ábyrgð sína og skyldur.
- starfsmenn lesi reglulega tölvupóst sinn en þar fara um mikilvægar upplýsingar frá skólastjórnendum.
- vinnutími sé öllum ljós.
- stefna í eineltismálum sé skýr, þ.e. að starfsmaður sem með orðum, látbragði eða atferli, ógnar, truflar eða ögrar öðrum á vinnustað, leggur starfsmanna í einelti eða sýnir honum kynferðislega áreitni, telst brjóta grundvallarreglur samskipta á vinnustað. Slík hegðun getur leitt til áminningar og starfsmíssis.
- þagnarskylda sé virt.
- jafnréttis sé gætt.
- tekið sé vel á móti nýju starfsfólki.
- starfsfólk sé kvatt þegar það lætur af störfum
- allir starfsmenn þekki starfslýsingar sínar og viti til hvers af þeim sé ætlast